

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 28. október 2019
UST201909-104/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulag fyrir Jarlstaði í Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Jarlstaði í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er samtals 90,44 ha og er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi. Tillagan gerir ráð fyrir þremur byggingareitum þar sem heimilt er að reisa 300 m² íbúðarhús með 100 m² bílskúr, 300 m² hesthús og 1200 m² skemmu/verkstæði.

Vistgerðir og hraun

Umhverfisstofnun tekur undir er kemur fram í tillögunni þar sem segir að forðast skal allt óþarfa rask og græða skal upp svæðið með staðargróðri sem er einkennandi fyrir svæðið með því að fræslægja á rasksvæði að framkvæmd lokinni, en skv. greinargerð eru vistgerðirnar grasmóavist og lyngmóavist á svæðinu.

Í greinargerð kemur fram að m.a. hraun er á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun telur að hraunið á byggingarreitum A og C á falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá útbreiðslu hrauns sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://serstokvernd.ni.is/>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufræðisvæða sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram að hraunið sem tillagan nær til falli undir 61. gr náttúruverndarlaga og hvaða leiðir verða farnar til að uppfylla ákvæði laganna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Vegur

Í greinargeð og á uppdrætti kemur fram að gert er ráð fyrir nýrri aðkomu að lóð 2-byggingareit C. Umhverfisstofnun bendir á að skv. loftmynd er nú þegar vegur að efnistökusvæði/geymslusvæði sem er staðsett sunnan við lóð 2. Umhverfisstofnun bendir á að til að forðast óþarfa rask á svæðinu og ásýnd þess er mikilvægt að halda allri vegagerð í lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Í 3. mgr ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufrýrslagar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Efnistaka

Á loftmynd sem fylgir tillögunni kemur fram að er nú þegar vegur að efnistökusvæði/geymslusvæði sem er staðsett sunnan við lóð 2. Í 13. gr. skipulagslaga

123/2010 um framkvæmdaleyfi segir að er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Líkt og Umhverfisstofnun benti á að ofan telur stofnunin að svæðið sem hér um ræðir falli undir sérstaka vernd 61.gr. náttúruverndarlaga.

Ytri Rangá

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „*Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir Ytri Rangá, svo að útivistargildi skerðist ekki.

Ásýnd


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur, en landið er flatlent þar sem áætluð skemma mun vera staðsett. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur